



Reykjavík, 23. maí 2013.

Hafnarfjarðarbær
b.t. Ólafs Helga Árnasonar hrl.
Norðurhellu 2
221 Hafnarfjörður

Málefni: Ágreiningsmál fyrir óbyggðanefnd um sveitarfélagamörk á Suðvesturlandi.

Meðfylgjandi er afrit af bréfi, dags. í dag, sem sent er Hafnarfjarðarbæ vegna máls nr. S-1/2011 er varðar ágreining um mörk sveitarfélaga á Suðvesturlandi. Eins og fram kemur í bréfinu er boðað til fundar um málið fimmtudaginn 13. júní 2013 kl. 14:00 á skrifstofu óbyggðanefndar á Hverfisgötu 4a. Þá er þess farið á leit við Hafnarfjarðarbæ að upplýsingum um hver fari með umboð sveitarfélagsins til að annast hagsmunagaeslu í málinu verði komið skriflega á framfæri við óbyggðanefnd, til að taka af öll tvímæli þar um, eigi síðar en 1. júní næstkomandi.

Virðingarfullst,
fyrir hönd óbyggðanefndar

Porsteinn Magnússon
Porsteinn Magnússon, framkvæmdastjóri

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	28.5.2013
Málsnr:	1212213
Bréfsl:	515



Reykjavík, 23. maí 2013.

Hafnarfjarðarbær
B.t. Guðrúnar Ágústu Guðmundsdóttur bæjarstjóra
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Málefni: Ágreimingsmál fyrir óbyggðanefnd um sveitarfélagamörk á Suðvesturlandi.

Sem kunnugt er hefur verið til úrlausnar hjá óbyggðanefnd í máli nr. S-1/2011 ágreiningur um staðarmörk sveitarfélaga á Suðvesturlandi og er Hafnarfjarðarbær aðili að því máli. Ágreiningurinn varðar mörk milli sveitarfélaganna á landsvæði sem var til umfjöllunar í dóumum Hæstaréttar frá 29. okt. 2009 í máli nr. 685/2008 og frá 11. nóvember 2010 í máli nr. 768/2009. Nánar tiltekið er þar annars vegar um að raða Afrétt Álfstaneshrepps hins forna (norðaustanverðan hluta Almenningsskóga Álfarness) og svokallað Skógræktarsvæði norðan Krýsuvíkur og sunnan Garðakirkjulands og hins vegar Afrétt Seltjarnarneshrepps hins forna.

Með bréfi, dags. 4. mars 2013, tilkynnti óbyggðanefnd lögönnunum málsaðila þá afstöðu sína að nefndin myndi að óbreyttu ekki fjalla frekar um málið. Ástæðan væri sú að nefndina skorti valdheimild að gildandi lögum til að úrskurða í málinu, en sú heimild var felld úr gildi með sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011, sem tóku gildi 1. janúar 2012.


Með bréfi, dags. 4. apríl 2013, kom Guðmundur Benediktsson hrl. f.h. Hafnarfjarðarbæjar á framfæri við óbyggðanefnd athugasemdum vegna þeirrar afgreiðslu málsins sem nefndin hafði boðað með framangreindu bréfi. Fleiri lögmann málsaðila tóku í kjölfarið undir hinum fram kommu athugasemdir f.h. sinna umþjóðenda.

Í tilefni af þeirri stöðu sem uppi er í málinu er Hafnarfjarðarbær, sem aðili málsins, hér með, ásamt öðrum málsaðilum, boðaður til fundar um málið fimmtudaginn 13. júní 2013 kl. 14:00 á skrifstofu óbyggðanefndar, Hverfisgötu 4a. Gefst þá færi á að tjá sig sérstaklega um framangreint atriði áður en málið verður afgreitt.

Frá upphafi þessa máls fyrir óbyggðanefnd annaðist hagsmunagæslu fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar Guðmundur Benediktsson hrl. Flutti hann m.a. málið við aðalmeðferð þess 2. febrúar 2012. Nú er komin upp sú staða að ekki þykir ligga

ótvírett fyrir hver fari með umboð Hafnarfjarðarbæjar til að annast hagsmunagæslu í umræddu máli fyrir óbyggðanefnd. Fer nefndin því bess á leit við Hafnarfjarðarbæ að upplýsingum þar að lútandi verði komið skriflega á framfæri við nefndina, til að taka af öll tvímæli þar um, eigi síðar en 1. júní næstkomandi.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd óbyggðanefndar


Þorsteinn Magnússon
Þorsteinn Magnússon, framkvæmdastjóri

Afrit:

Guðmundur Benediktsson hrl.
Ólafur Helgi Árnason hrl.